

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Þorlákshöfn Ölfusi



Dags eftirlits	18.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	María Svavarsdóttir
Heimili	Laxabraut 9 - 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Breki Þórðarson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eva Lind Guðmundsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirliti: 1) Árekstrarvörn vantar á olúgeyma.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfið tekur til eldis með allt að 2.500 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma að Laxabraut 9-11, Þorlákshöfn. Starfsleyfið gildir til 4. nóvember 2037.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

- Eitt frávik kom fram í eftirliti 2024 þar sem efni voru geymd án viðeigandi lekavarna en hefur því verið lokað.
- Farið var yfir áhættumat fyrir árið til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
- Farið yfir starfsleyfi og minnt á skil skv. því. Rekstraraðili hefur skilað grænu bókhaldi og ársyfirliti. Heildarframleiðsla ársins var 1.202 tonn og fóðurnotkun 1.303 tonn og er fóðurstuðull 1.08. Fosfórlausun er innan marka starfsleyfisins.
- Mælingar voru framkvæmdar í hámarks og lágmarkslífmassa og eru í lagi.
- Umhverfisstefna, tímabundin og varanleg rekstrarstöðvun, viðbragðsáætlun vegna neyðarslátrunar, viðbragðsáætlun um massadauða og áætlun um meðhöndlun úrgangs voru uppfærðar í maí 2025.
- Við skoðunarferð um lóðina kemur í ljós að enginn fiskur er í kerjum og frárennsli þurrt.
- Hættuleg efni eru í fiskikörum með tappa og staðsett inni í gámi og öryggisblöð til staðar. Þrír olúgeymar eru á lóðinni á uppsteyptu plani án árekstrarvarnar og er það frávik.
- Farið er stuttlega yfir upplýsingar um breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast sem og upplýsingar um nýjar leiðbeiningar um olúskiljur.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 3.10 í starfsleyfi.

Árekstrarvörn vantar við olúgeyma á lóð rekstraraðila skv. reglugerð 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.

ANNAD

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 28.10.2025

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

María Svavarsdóttir